



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Stofnunarbraut 24
IS - 105 Reykjavík, Island

☎ +354 591 2000
☎ +354 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Byggingarfulltrúinn á Norður-Héraði
Sveinn Þórarinnsson
Selási 15
700 Egilsstaðir


15. ágúst 2003


Tilvísun: UST20030600142/sf

Vísað er til erindis dags. 23. júní sl. vegna deiliskipulags vinnubúðasvæðis vestan við Jökulsá á Brú sunan við væntanlega Kárahnjúkastíflu. Deiliskipulagstillagan nær fyrst og fremst til vinnubúða Impregilo þar sem gert er ráð fyrir húsum fyrir 700 íbúa auk tengdra þjónustumannvirkja en einnig eru afmarkaðir reitir fyrir vinnubúðir Landsvirkjunar og annarra verktaka. Deiliskipulagstillagan var auglýst í Lögbirtingablaði þann 11. júlí sl.

Umhverfisstofnun gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Stofnunin bendir þó á að í greinargerð með deiliskipulaginu kemur m.a. fram að öll sýnileg mannvirki verði fjarlægð en einnig að lagnir dýpra en 50 cm í jörð þurfi ekki að fjarlægja. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerðinni kemur ekki fram hvaða lagnir það eru sem ekki þarf að fjarlægja en ljóst er að töluvert verður um lagnir á svæðinu enda m.a. gert ráð fyrir lögnum að og frá húsum á vinnubúðasvæði Impregilo. Þá verða m.a. grafnar lagnir frá niðurföllum í plönnum og byggingum á athafnasvæði fyrirtækisins. Umhverfisstofnun telur að skilgreina verði í greinargerð hvaða lagnir verði ekki fjarlægðar og þá hvers vegna og að tryggt verði að ekki veðrist ofan af þeim lögnum sem skildar verða eftir í jörðu.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jensson

Afrit: Skipulagsstofnun.